

Fjármálaeftirlitið og NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) gera með sér svohljóðandi:

Samning um yfirlestur og staðfestingu lýsinga og opinbera skráningu verðbréfa

með vísan til 2. mgr. 52. gr., sbr. 138. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti
og 2. mgr. 26. gr. laga nr. 110/2007 um kauphallir.

1. gr.

Verkefni falin Kauphöllinni

Fjármálaeftirlitið felur Kauphöllinni að annast yfirlestur og staðfestingu lýsinga vegna verðbréfa sem taka á til viðskipta í Kauphöllinni sem og annarra lýsinga gefnar út af félögum, sem hafa fengið verðbréf sín tekin til viðskipta í Kauphöllinni, hvort sem síðarnefndu verðbréfin skulu tekin til viðskipta í Kauphöllinni eða ekki.

Fjármálaeftirlitið felur einnig Kauphöllinni að annast opinbera skráningu hlutabréfa, heimildarskírteina fyrir hlut eða skuldabréfa, sbr. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 110/2007, um kauphallir.

2. gr.

Form og efnisinnihald lýsingar

Við staðfestingu lýsingar skal Kauphöllin tryggja að form og efnisinnihald lýsingar sé í samræmi við ákvæði laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og reglna settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Opinber skráning

Við opinbera skráningu verðbréfa skal Kauphöllin tryggja að þau uppfylli þær kröfur sem fram koma í 1. mgr. 22. gr. laga nr. 110/2007 um kauphallir.

4. gr.

Hæfi starfsfólks


Kauphöllin skal hafa yfir að ráða starfsfólk sem hefur færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er til að sinna yfirlestri, staðfestingu lýsinga og opinberri skráningu með fullnægjandi hætti og innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í reglum sem settar eru á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti.

Þá skal tryggt að upplýsingar sem fengnar eru vegna yfirlestrar, staðfestingar lýsinga og opinberrar skráningar séu ekki notaðar á ósanngjarnan hátt eða til að hamla samkeppni.

5. gr.

Túlkun lagaákvæða og beiting undanþágúheimilda

Kauphöllin skal óska eftir afstöðu Fjármálaeftirlitsins þegar upp koma tilvik þar sem þörf er á túlkun við framkvæmd verkefna samkvæmt samningi þessum. Áður en Fjármálaeftirlitið tekur afstöðu veitir Kauphöllin umsögn sína um álitaefnið. Kauphöllin skal fylgja túlkun Fjármálaeftirlitsins og venjubundinni framkvæmd á hverjum tíma.



Kauphöllin skal greina Fjármálaeftirlitnu frá því þegar óskir um veitingu undanþága frá gerð lýsinga eða birtingu tiltekinna upplýsinga í lýsingum koma fram og tekur Fjármálaeftirlitið afstöðu til þeirra.

Fjármálaeftirlitið tekur að jafnaði afstöðu til fyrirspurna frá Kauphöllinni um túlkun lagaákvæða og veitingu undanþága, sbr. 1. mgr. og 2. mgr. þannig að niðurstaða liggi fyrir eigi síðar en í lok næsta vinnudags eftir að fyrirspurn berst.

6. gr.

Heimildir Kauphallaðarinnar til upplýsingaöflunar og gjaldtöku

Kauphöllinni er heimilt, vegna yfirlestrar lýsingar í samræmi við samning þennan, að beita 1. – 3. tl. 2. mgr. 134. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

Póknun Kauphallaðarinnar fyrir staðfestingu á lýsingu og opinbera skráningu fer eftir gjaldskrá Kauphallaðarinnar, sbr. 3. mgr. 52. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

7. gr.

Framkvæmd samnings og upplýsingagjöf

Fulltrúar Fjármálaeftirlitsins og Kauphallaðarinnar skulu halda fundi um framkvæmd verkefna samkvæmt samningi þessum svo oft sem þörf krefur.

Á sex mánaða fresti skal Kauphöllin leggja fram yfirlit um framkvæmd verkefna á grundvelli samningsins.

8. gr.


Gildistaka samnings, gildistími og uppsagnarákvæði


Samningur þessi öðlast gildi þann 1. janúar 2010 og fellur úr gildi eigi síðar en 31. desember 2011. Aðilar samnings þessa geta sagt honum upp skriflega með sex mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti og miðast uppsögn við mánaðarmót.

Komi til meiriháttar eða endurtekinna vanefnda af hálfu aðila á þeim skyldum sem samningur þessi kveður á um er samningurinn riftanlegur, enda hafi í tilviki endurtekinna vanefnda verið veitt svigrúm til lagfæringa og úrbóta.

Á gildistíma samningsins getur Fjármálaeftirlitið kallað til sín tilteknar lýsingar til yfirlestrar og staðfestingar ef ástæða er til, svo sem vegna hugsanlegra hagsmunárekstra.

Reykjavík, 10. desember 2009

f.h. Fjármálaeftirlitsins

Gunnar P. Andersen, forstjóri

f.h. NASDAQ OMX Iceland hf.

Þórdur Friðjónsson, forstjóri